

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 19/2011.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið í samræmi við heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir að banna flug yfir hljóðhraða innan íslensks yfirráðasvæðis eftir því sem hér segir:

Yfir landi og innan 12 sjómílna (nm) frá grunnlínunum landhelginnar, undir fluglagi 300.

Yfir hafi utan 12 sjómílna (nm), undir fluglagi 150.

Á þeim svæðum sem bannið nær ekki til skal flug yfir hljóðhraða fara fram í samræmi við heimild og skilyrði viðkomandi flugumferðarþjónustudeildar. Sækja má um tímabundna undanþágu frá banninu vegna flugs utan þessara marka til Flugmálastjórnar enda sé það gert með hæfilegum fyrirvara.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálaláhandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálaláhandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. febrúar 2011.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2011